



ORKUSTOFNUN

Starfsmannahús fyrir Nesjavallavirkjun

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-93-27

STARFSMANNAHÚS FYRIR NESJAVALLAVIRKJUN

Þann 16. nóvember fór undirritaður ásamt Gunnari Sverrissyni og Jósef Reynis að Nesjavöllum til að líta á byggingarland fyrir starfsmannahús virkjunarinnar. Á staðnum hittum við Sigurð Guðjónsson frá Fjarhitun og Ólaf Sigurjónsson starfsmann Hitaveitunnar.

Húsinu er fyrirhugaður staður á suðurenda einnar af gossprungum Nesjahrauns. Sá kafli er hliðraður vestur miðað við aðal hraungígana norðan þjóðvegarins. Sunnar hliðrast gossprungan enn lengra til vesturs í tveimur stigum. Meginhluti hússins á að rísa austan við gossprunguna, en álma á að ná vestur yfir hana. Þar sem húsið á að rísa eru gígarnir með lágum kleprabörrum. Hraunið austan megin er þunnbeltótt og skáptótt þar sem hraunrásir hafa tæmst niður í hallann. Vestan megin við hana er hraunið slétt, en augljóslega þunnbeltótt. Gjall er ekki sjáanlegt við gígana. Þykkt hraunsins á þessum stað er varla mikið yfir 5 m ef marka má gamla landslagið hið næsta.

Pess sjást engin merki að hreyfing hafi orðið á gossprungunni eftir að hún myndaðist (fyrir 2000 árum). Misgengi sést í bólstrabergsbungu sunnan við hraunið. Það stefnir norðaustur og myndi liggja a.m.k. 10-20 m fyrir austan fyrirhugað hússtæði. Misgengi þetta hefur heldur ekki haggast síðan Nesjahraun rann. Til vesturs eru engar sprungur sýnilegar í hrauninu fyrr en kemur um 80 m vestur fyrir hússtæðið.

Hreyfingar á sprungunum verða einkum í hrinum með nokkurra alda millibili. Tiðni slíksra atburða er þó ekki þekkt. Síðast urðu slíkar hreyfingar 1789, þá á spíldu sem lá úr Hestvík suðvestur yfir Dyrafjöll. Sprunguhreyfingarnar 1789 urðu 5 árum eftir Suðurlandsskjálfta. Líklegt er að samhengi sé þar á milli, þ.e. aukið hefur á togspennu Hengilskerfisins fram yfir brotmörk. Fyrstu árin eftir næsta Suðurlandsskjálfta kynnu e.t.v. að koma fram áhrif í Hengilskerfinu.

Hraunið á byggingarsvæðinu gæti verið mjög gljúpt svo nærrí gígum, beltin þunn, loftað undir í hraunrásum og e.t.v. gjall þegar dýpra kemur næst gígum. Trúlega þarf að rífa hraunið upp og þjappa til að fá ákjósanlega undirstöðu. Það sem helst mælir gegn þessum stað er gossprungan sjálf sem fólk kann að þykja hvimleiður nágranni, þar sem hún gapir við sjónum norðan undir húsveggnum. Í því sambandi er þó vert að hafa í huga að núverandi starfsmannahús í Hraunþróði stendur nánast í gininu á stórum gjallgíg sem raunar er miklu eldri. Munu raunar fáir hafa veitt honum eftirtekt, en gamla sumarbústaðinn sem stendur uppi í honum þekkja væntanlega flestir.

Í skoðunarferð okkar var rætt um að velja húsinu stað nokkru sunnar á bólstrabergsbungunni áðurnefndu en hún stendur upp úr hrauninu. Bunga þessi er að stórum hluta gróin, en viða eru sár í jarðveginum sem er um það bil 1 m þykkur. Sitt sýndist hverjum um þann stað. Húsameistarann leist illa á vegna þess að teikna þyrfti upp á nýtt fyrir nýja staðhætti. Okkur hinnum fannst staðurinn vel koma til greina. Kostirnir eru góð undirstaða, gossprungan fjarri, þekkt hvar misgengin liggja, auk þess sem staðurinn er hlýlegri en berangrið uppi við gígana.

Þrjú misgengi liggja frá NA til SV yfir bunguna, og kæmi húsið á milli þeirra tveggja sem vestust eru og efst, en fjarlægðin á milli þeirra er um 80 m. Þarna er land nokkuð hallandi (sjá kort). Bólstrabergið er eflaust auðunnið með ripper og ýtu eins og jafnan og mætti fletja bunga á milli misgengjanna út að vild. Húsið myndi ná um 35 m austur í girðinguna kringum Nesjavelli. Líklega þyrfti ekki að hnika raflínunni til ef húsið yrði reist á þessum stað.

Kristján Sæmundsson